

Veraldarundur

Hvítur heimur
harður heimur
ljós sem sker
loft sem skellur
öskur
líf
sem fæðist.

Hvítur heimur
harður heimur
glampandi málmur blóð
og barn sem kemur
barn sem ryðst
inní grimman heim
og grætur
barn
sem grætur.

Blóð og sviti
bómull og skæri
bros og tár.

Barn
sem lifir.

Lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk 2001-2002

Um þetta kver

Í þessu kveri er skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2002. Baldur Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir völdu efnið og bjuggu til fjölföldunar miðað við upplestur á lokahátíðum. Útgefandi er Undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri, febrúar 2002

Efni kversins

<i>Um þetta kver</i>	1
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	2
<i>Úr Heimsljósi eftir Halldór Laxness</i>	3
<i>Átta ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur</i>	25

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð eru lesnir valdir kaflar úr *Heimsljósi* eftir Halldór Laxness.¹ Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Upplesarar fá að æfa þá kafla heima í viku til tíu daga en þurfa ekki að æfa annað. Á lokæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá upplesarar að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrifa nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirliti aftast í kverinu.

Áður en fyrsta umferð hefst fer vel á að kynni lesi inngang um Halldór Laxness og söguna sem lesin verður.

Sá upplesari, sem les fyrsta hluta hvers kafla, hefur lesturinn á stuttri kynningu, eitthvað á þessa leið: „Við ætlum að flytja brot úr fyrsta kafla – *Draumur um bók*.“ „Næst flytjum við brot úr 3. kafla – *Fermingin*.“ Og svo framvegis.

Aðrir upplesarar lesa sinn hluta beint af augum án kynningar.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur. Þeir skulu velja eitt af þeim átta sem prentuð eru í kverinu.

¹ Texti Halldórs Laxness er hér skrifaður með auglýstri stafsetningu menntamálaráðuneytisins, án þess þó að breytt sé einstökum orðmyndum höfundar.

Kona

Þegar allt hefur verið sagt þegar vandamál heimsins eru vegin metin og útkljáð þegar augu hafa mæst og hendur verið þrýstar í alvöru augnabliksins – kemur alltaf einhver kona að taka af borðinu sópa gólfíð og opna gluggana til að hleypa vindlareyknum út.

Það bregst ekki.

Annars hugar

Á flýtisferð um lífið
frá morgni til kvölds
frá þvottavél til ritvélar
vélrænt rafmagnað líf mitt
rekst ég stundum á barn sem segir:
mig dreymdi dauðann
mig dreymdi að hann flaug
innum gluggann
og ætlaði að ná mér
en ég var sniðugur mamma
ég skaut hann
og nú kemur hann
aldrei aftur.

Á flýtisferð um lífið
hugsa ég sjaldan um dauðann
— gott þú skautst hann, gott
hann kemur aldrei aftur
segi ég annars hugar
og held áfram ferð minni
frá þvottavél til ritvélar
frá eldavél til ryksugu
frá morgni til kvölds.

Í *upphafi annarrar umferðar* fer vel á að kynni segi frá því að flutt verði ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur, sem hlaut Jónasarverðlaunin á degi Íslenskrar tungu hinn 16. nóvember síðastliðinn.

Upplesararnir sjálfir kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið.

Í **priðju umferð** lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

Í *priðju umferð* kynna upplesarar heiti ljóðsins og höfund þess.

Úr Heimsljósi eftir Halldór Laxness

Inngangur

Eftirfarandi svipmyndir eru úr *Heimsljósi*, skáldsögu Halldórs Laxness um Ólaf Káráson Ljósvíking. Söguhetjan, Ólafur Káráson, sem kallar sig Ljósvíking, er munaðarlaus niðurstetningur á bænum Fæti undir Fótarfæti. Þau brot sem hér verða lesin eru úr fyrsta bindi sögunnar, *Kraftbirtingarhljómi guðdómsins*, sem birtist árið 1937.

Hér er söguhetjan á þrettánda árinu, á svipuðum aldri og þau sem hér lesa upp. Aðrir á bænum, sem við sögu koma, eru heimasætan Magnína, unglingsstúlka svolítið eldri en Ólafur, og móðir hennar, Kamarilla húsfreyja.

1. Úr 1. kafli: Draumur um bók

Magnína heimasæta kenndi honum að lesa, það voru til rytjur² af stafrófskveri.³ Hún sat yfir honum eins og þúst og benti á stafina með bandþrjóni. Hún sló hann utan undir ef hann sagði þrisvar rangt til um sama stafinn, en aldrei fast og aldrei í illu, alltaf eins og annars hugar, og honum var sama. Hún var digur og hörð, en blá framaní, og hundurinn hnerraði þegar hann befaði af henni. [...]

Hann las Þjóðsögurnar átta ára gamall, og Smásögur Péturs, og Lúkasarguðspjall sem grætti hann af því Jesús Kristur var munaðarlaus. Á postilluna⁴ hafði hann aftur á móti aldrei vanist að líta sem bók. Hann langaði ákaflega til að lesa meira, en það voru ekki fleiri bækur til, nema ein, Felsenborgarsögurnar, sem Magnína heimasæta hafði tekið að erfðum eftir föður sinn. Þá bók mátti enginn lesa nema hún, það var leyndarmálsbók. Hann langaði ákaflega að lesa Felsenborgarsögurnar, og allar bækur í heiminum nema postilluna.

Ef þú minnst oftast á Felsenborgarsögurnar þá hýði ég þig, sagði heimasætan. Hann hafði snemma grun um að í bókum yfirleitt, en í Felsenborgarsögnum sérstaklega, myndist sú óskiljanlega huggun sem hann þráði en kunnir ekki að nefna.

² Rytjur: druslur, tægjur.

³ Stafrófskver: lítil lestrarkennslubók fyrir byrjendur, kennsla í stafrófinu.

⁴ Postilla: húlestrabók, safn predikana og skýringa á biblíunni.

Land

Ég segi þér ekkert um landið
ég syng engin ættjarðarljóð
um hellana, fossana, hverina
ærnar og kýrnar
um baráttu fólksins
og barning í válegum veðrum

nei. En stattu við hlið mér
í myrkrinu. Andaðu djúpt
og finndu það streyma

segðu svo:
Hér á ég heima.

Uppeldi

Sonur minn þekkir ekki Gunnar á Hlíðarenda en þeir Súpermann eru góðkunnugir og einhverntíma ætlar sonur minn að blása alla bófana um koll einsog Súpermann.

Sonur minn á eina ósk: að flytja inn í dótabúð og eiga þar heima eða í sjoppu — kannski.

Hann vill eignast allt heimsins dót og verða svo leynilögga og fá mótorhjól þegar hann verður fimmtán og bíl sautján.

Einhverntíma þarf ég að segja syni mínum söguna af Gunnari á Hlíðarenda.

2.

Magnína gaf honum forskrift,⁵ en aðeins einu sinni, af því hún mátti ekki vera að því, hún var svo lengi að búa til hvern staf.

Það var heldur ekki til neinn pappír, og þó hann væri til, þá mátti ekki eyða honum. Hann stalst til að krotta með prikinu sínu í moldarflög eða á snjó, en þetta var honum bannað, og sagt hann skrifaði sig til skrattans. Svo hann varð að skrifa á sál sína.

Kamarilla húsfreyja var hatursmaður bókmennta. Þegar tók að bera á óeðlilegri löngun drengsins til að grúska í bókstöfum, þá sagði hún honum til varnaðar söguna af G. Grímssyni Grunnvíkingi. Hann skrifaði sig ekki Guðmund Grímsson eins og annað fólk, heldur skammstafaði sig og bínefndi⁶ til að líkjast höfðingjunum. Það var voðaleg saga. G. Grímsson Grunnvíkingur var skáldmennisræfill og skrifaði hundrað bækur. Hann var vondur maður. [...] Hann sat í skinnstakki inná palli og það lak á hann; það lak og lak, einn og einn dropi í einu ofan á skallann á honum, af því hann vildi ekki vinna fyrir sér og öðrum, tveir og tveir, sítuðu niðrá hálsinn á honum af því hann hafði verið allur í bókum. Guð var að refsa honum.

⁵ Gaf honum forskrift: lét hann læra að skrifa stafi eftir forskrift sem hún bjó til sjálf.

⁶ Bínefna sig: taka sér viðurnefni, auknefni.

3.

En hjarta hans var forhert⁷ og þekkti ekki auðmýkt, og hann hélt áfram að skrifa hundrað bækur í glætunni frá daufri týru, tvö hundruð bækur, og þegar hann er dauður þá er sosome auðvitað hvert hann fer, því guði líkar ekki að það séu skrifaðar bækur um fólk, guð hefur einn leyfi til að dæma fólk, auk þess hefur guð sjálfur skrifað biblíuna, bókina þar sem allt stendur sem þörf er á að skrifa, þeir sem hugsa um aðrar bækur sitja einir við týru á elliárum, snauðir menn, og sækja að þeim djöflar og andskotar.

En sagan hafði öfug áhrif. Í stað þess að fá á drenginn sem uppbyggjandi dæmisaga, hreif hún hann sem leynileg vísbending um eitthvað forboðið⁸ og heillandi, ímyndunarafi hans fjallaði af tvíefldum krafti um bækur eftir að hann hafði heyrt um víti hins einmana þular og hundrað bækur hans.

Oft kom að drengnum óstjórnleg þrá til að festa á hundrað bækur allt sem hann sá, hvað sem hver sagði, tvö hundruð bækur, digrar eins og postillur, biblíur, fullar kistur. Hann hét Ólafur Kárason, kallaður Óli eða Láfi. [...]

⁷ Forhert: fullt af þvermóðsku.

⁸ Forboðið: bannað.

Jólaskemmtun

Ég var álfaprinsessa
kjóllinn minn var hvítur
og saumuð á hann pappírslóm
álfaprinsinn kyssti mig
og bauð mér sæti
við hlið sér
áhorfendur klöppuðu
og við hneigðum okkur
áðuren tjaldíð féll

seinna vildi álfaprinsinn
kyssa mig í húsasundi
og fékk að launum kinnhest
sem allur bekkurinn hló að.

Kýr í haga

Dagarnir koma hjóðir
og brosandí utanúr geimnum
kunnuglegir og smáir
einsog dvergarnir sjö

jórtrandi kýr í haga
lygna augum og hlusta
á ævintýrin mín
um ríkar og fallegar stelpur
í skóggærænni fjarlægð
þarsem sólin skín
og tíguleg fley um höfin
seglum þöndum svífa
og kastalaturmar gráir
yfir leyndardómum búa ...
þolinmæði kúnna þrýtur aldrei.

4.

Hann var alltaf í fötum sem bræðurnir höfu lagt niður, stórir menn. Bakstykkið í buxunum hans náði niður undir hnésbætur, og það var brotið næstum tíu sinnum upp á hvora skálm, peysan hans tók langt fram fyrir fingur, hann var alltaf að breyta upp ermarnar. Hann var með grænan flókahatt sem hafði verið sparihattur í ungdæmi sínu áður en rottan komst í hann, og tók langt niður fyrir eyru, en börðin sátu út á öxlum.

Hann ákvað að kalla sig Ó. Kárason Ljósvíking. Hann ávarpaði sig með þessu nafni og talaði mikið við sjálfan sig. Ó. Kárason Ljósvíkingur, þarna stendur þú, sagði hann. Já þarna stóð hann.

Fóstra hans var að leita að týndum grip í ruslastokki, og drengurinn stendur á bak við hana, þá kemur upp úr ruslinu rifrildi af gamalli skræðu.

Má ég eiga? sagði Ó. Kárason Ljósvíkingur.

Nei-þa, sagði húsfú Kamarilla. Svei því.

En honum tókst samt að nálgast bókina án þess fóstra hans vissi, og stakk henni inn á sig og geymdi hana á brjósti sér skammt frá hjartanu. Hann reyndi að lesa í henni í laumi, en hún var með gamla letrinu⁹ og vantaði á hana titilblaðið.

⁹ Gamla letrið, sem svo var kallað, er stundum kallað gotneskt letur.

5.

Í hvert skipti sem hann hélt hann væri að byrja að skilja bókina, kom einhver, svo hann varð að flýta sér að stinga bókinni inn á sig; oft var hann mjög hætt kominn. Hvað skyldi standa í bókinni hans? Hann geymdi sína eigin bók við sitt eigið hjarta og vissi ekkert hvað í henni stóð. Hann var ákveðinn að geyma hana þangað til hann væri orðinn stór.

En svo fór að detta upp úr henni blað og blað, og það var þeim mun erfiðara að lesa hana sem hann kvolaðist¹⁰ lengur með hana á berum sér, það var eins og hún hefði dottið ofan í feiti. Hann klæjaði oft á hjartanu undan bókinni, en það gerði ekkert til.

Það var leyndarmál að eiga sona bók; það var í rauninni nokkurs konar athvarf, enda þótt maður vissi ekkert hvað stóð á bókinni. Hann var viss um það væri góð bók, og það er gaman að eiga leyndarmál ef það er ekki neitt ljótt, maður hefur nóg að hugsa um á daginn, mann dreymir það á næturnar.

En á sumardaginn fyrsta komst leyndarmálið upp. Húsfrú Kamarilla lét hann hafa nærfataskipti eftir veturinn, það gerðist inná bæjarlofti um miðjan dag og hann varaði sig ekki á því.

¹⁰ Kvolaðist: þvælast.

Átta ljóð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur

Upphaf

Ég fæddist í gráu húsi
í bláhvítu landi við ysta haf
einn októberdag fyrir löngu

í landinu því var skógur
mikill og forn og dimmur
og draugar riðu þar hjá

á kvöldin kom fuglinn í fjörunni
og söng mér ódáinsljóð
meðan öldur brotnuðu á klettum

um húsið fór gustur af sögum
og lygasagan um heiminn og mig
hófst þar einn októberdag ...

21.

Eiginlega finn ég soleiðis til eins og það væri sullur undir brjóstbeininu, sagði hann, og best gæti ég trúað að allt væri samgróin meinsemd, sullurinn,²⁴ lifurin, lungun og gollurshúsið.²⁵ Að minnsta kosti er sullurinn í voðalegum stað. En hvað lungunum viðvíkur út af fyrir sig, þá er ekki ofsögum sagt að skróltið í berklunum heyrst langar leiðir.

Þegar sjúkdómar brjóstholsins höfðu verið skrásettir af eins mikilli nákvæmni og kostur var, veik sögunni að sjúkdómum kviðarholsins. Það var langt og flókið mál. Samning auglýsingarinnar tók obbann²⁶ úr deginum. Síðan var auglýsingin send læknum á Sviðinsvík með næstu ferð sem féll. Það var beðið um að senda meðul við tækifæri.

Læknirinn á Sviðinsvík lét skila því aftur að við sjúkdóma af þessu tagi ættu engin meðul í venjulegum skilningi orðsins. Hann sagði að til þess að lækna sjúkdóma af þessu tagi væri ekki viðlit annað en éta heilt apótek upp á tvö þúsund krónur. Og hver hefur efni á því á þessum erfiðu tímum? Læknirinn sagði að hann hefði aldrei heyrt um neinn, hvorki kvenmann né karlmann, sem væri eins veikur og þessi piltur. Ef hann ætti að segja sína hjartans meiningu, þá sagðist hann telja piltinn alveg af. Mest sagði hann að sig langaði að gera tilraun að kryfja piltinn.

²⁴ Sullur: kýli, bólgja eða ígerð sem sullabandormur veidur.

²⁵ Gollurshús: eins konar himna sem umlykur hjartað, hjartapoki.

²⁶ Obbi: mestur hluti, meginhluti.

6.

Hann tíndi af sér spjarirnar eina og eina, hjarta hans sló mjög ótt, loks fór hann úr skyrtunni. Þá var engin leið að leynd bókinni frammar. Hún datt á gólfíð.

Nú dámar mér, sagði fósttran. Drottinn veri mér náðugur, hvern andskotann sjálfan er barnfuglinn með inná sjálfum sér? Kondu Magnína og líttu á þessa fyrirmunun!¹¹

Drengurinn stóð fyrir framan þær allsber og angistarfullur og þær skoðuðu bókina vandlega.

Hver hefur gefið þér þessa bók?

Ég sama sem fa-fann hana.

Já ekki spyr ég að því, ekki nóg að vera með bók, heldur stolið henni líka. Magnína láttu þennan fjanda strax undir pottinn.

Þá fór hann að gráta. Það var sú harmakvöl sem hann mundi fyrsta. Hann var viss um að svona sárt hefði hann ekki grátið síðan hann var sendur burt frá móður sinni í poka, á vetrardegi, áður en hann mundi eftir sér. Að vísu hafði hann aldrei skilið bókina, en það gerði ekkert til, það sem máli skipti var hitt, að þetta var leyndarmál hans og draumur og athvarf. Í einu orði sagt: það var bókin hans. Hann grét eins og börn gráta því aðeins þau verði fyrir ranglæti af þeim sem eru meiri máttar, sá er sárastur grátur á jörðu. Svona fór um bókina hans, hún var tekin af honum og brennd. Hann stóð eftir nakinn og bókarlaus á sumardaginn fyrsta.

¹¹ Fyrirmunun: slys eða skömm.

7. Úr 3. kafli: Ferming

Bráðum var kominn tími til að fara að kristna hann, og honum var fenginn barnalærdómurinn¹² og skipað að læra. Hann var látinn setjast við borðgluggann uppi, bókin sett fyrir framan hann. Hinumegin við borðið sat fóstur hans og hafði nákvæmar gætur á honum; hún gætti þess að hann liti hvorki til hægri né vinstri, ekki upp og ekki niður, heldur nákvæmlega beint fram fyrir sig, á bókstafina. Ef hann reyndi að rétta ofurlítið úr hálsinum sér til hæginda, eða hrista af sér höfuðkvalirnar, um það bil sem honum fannst að sækti á sig svimi, þá hét það að láta augun flökta í allar áttir eða skima út um heima og geima eins og fábjárni, eða þokkalegt er að sjá hvernig vita upp á honum skjáurnar¹³ núna; allt er honum jafnilla gefið, bæði til munns og handa.

Guð barnalærdómsins, það var ekki guð uppnumningar og vitrunar,¹⁴ heldur hinn gamli kunningi úr postillunni, og drengnum gekk illa að skilja hann og láta sér títt um hann.¹⁵ Magnína var látin hlýða honum yfir. Það var þululærdómur. Það var hætt við að glompa¹⁶ dytti á guð ef maður sleppti úr orði. Það mátti heldur ekki spyrja um guð, því guð kærir sig ekki um neitt rex, — ég er guð þinn, segir hann, og hvað viltu svo meira?

¹² Barnalærdómurinn: kristinfræði til undirbúningsfermingu.

¹³ Skjáurnar: líklega augu.

¹⁴ Uppnumning og vitrun: hrifning og opinberun.

¹⁵ Láta sér títt um: hafa áhuga á.

¹⁶ Glompa: gat, hola.

20.

Hvernig heldurðu að ég geti skrifað þegar þú talar svona hart? Og ef þú ætlar að fara að koma því að, að einhver hafi átt að brjóta á þér höfuðið hér á okkar heimili þar sem allir eru þér góðir, þá ætla ég að segja þér að það er ekki okkar verk að skrifa þá sjúkdómsauglýsingu.

Nei það ætlaði ég heldur ekki að gera, Magnína. Hvernig getur þú ætlað mér svo illt? Hér á bæ, þar sem allir eru svo góðir. Ég átti bara við, að ég finn soleiðis til í höfðinu, eins og heilinn væri byrjaður að vaxa út í annað eyrað. En ef þér er illa við að við minnumst á höfuðið, þá getum við bara tekið brjóstið og þá parta.

Ég get sosome nefnt höfuðið, sagði hún þurrlega, en ég vil ekki gera það að neinu atriði. Ég get sagt að heilinn sé á einum stað byrjaður að vaxa út í eyrað, því það er eins og hvað annað sem kemur innan að og uppáfallandi,²² og getur þar af leiðandi ekki valdið neinum misskilningi. En þó held ég væri affarasælast²³ fyrir alla sem hlut eiga að máli að við héldum okkur við brjóstið.

Já þú getur nú fundið sjálf hvernig brjóstbeinið á mér er gengið út, sagði hann. Hún þuklaði dálítið á brjóstinu á honum og fann jafnskjótt að brjóstbeinið var gengið töluvert út.

²² Uppáfallandi: af tilviljun, sem kemur fyrir.

²³ Affarasælast: heillavænlegast, heppilegast.

19.

Loksins sagði hann:

Já, ég verð víst að biðja þig að skrifa sjúkdómsauglýsingu, eins og þú talaðir um.

En Magnína var þá ekkert mjög óðfús til skrifstarfa.

Það var ekki fyrir en nokkrum dögum seinna að hún tók í sig kjark og kom með penna og blað.

Hún settist með þetta við gluggann og horfði sljólega út í bláinn, hallaði síðan mæðulega undir flatt, stundi þungan. Hún leit út fyrir að vera blátt áfram lent í ógæfu með þetta fyrir framan sig, það var ekki laust við að hann kenndi í brjósti um hana.

Ég veit bara ekkert hvað ég á að skrifa, sagði hún.

Þú skalt skrifa að ég sé veikur, sagði hann.

Það er ekki svo fljótlegt að skrifa soleiðis, sagði hún og hugsaði sig enn lengi um. Hvar ertu veikur?

Um allan líkamann, sagði hann. En þó einkum og sér í lagi í höfðinu, brjóstinu, bakinu og kviðnum. Þér er óhætt að segja að ég sé sæmilegur bæði í höndum og fótum. En þú skalt segja að aðalkvalirnar liggja í höfðinu, og að það séu brotakvalir, eins og eitthvað hafi brotnað í höfðinu.

8.

Það stóð meðal annars í kristindóminum: „Ill meðferð á skepnum ber vott um grimmt og guðlaust hjarta“.

Hann þuldi: Hundrað og ellefu meðferð á skepnum ber vott um grimmt og guðlaust hjarta.

Hvað svo? sagði hún.

Á það ekki að vera hundrað og ellefta meðferð á skepnum? spurði hann.

Jú, sagði Magnína, hundrað og ellefta meðferð á skepnum, þú varst búinn með það. Haltu áfram.

Hvernig er hundrað og ellefta meðferð á skepnum? spurði hann.

Ha? sagði hún. Er ekki margbúið að segja þér að þú megir ekki spyrja út í það sem guðlegt er. Soleiðis gera ekki nema heimskingjar. Hundrað og ellefta meðferð á skepnum. Sona, haltu áfram.

En henni þótti þetta samt eitthvað grunsamlegt, og setti í brúnirnar og fór að rýna í bókina og var ekki alls kostar ánægð og skipti sér ekki af þó hann væri byrjaður að pylja áframhaldið, hún meira að segja tók fram í fyrir honum.

Hundrað og ellefta meðferð er náttúrulega grimmt og guðlaus meðferð, sagði hún. Þú ættir að geta sagt þér það sjálfur.

Hvaða meðferð er það? sagði hann.

Það er ég ekkert skyldug að segja, sagði hún. Haltu áfram.

9.

Hann hélt áfram að þyja og þuldi lengi, og hún skipti sér ekkert af því sem hann var að þyja, heldur tók loksins fram í fyrir honum aftur.

Hundrað og ellefta meðferð á skepnum er til dæmis ef maður gleymir að gefa hundinum, sagði hún.

Kirkjan stóð út með firðinum, og um vorið gengu börn til prestsins úr tveim áttum, að utan og innan.

Hann var oft slæmur í maganum, auk höfuðkvalanna, fötur og sljór, og þegar var verið að tala í kringum hann, þá vissi hann ekki um hvað var verið að tala.

Það voru fleiri börn eins heimsk og hann, og þau sem voru fljót að skilja hlógu stundum hátt að þeim sem voru sein að skilja; það var eins og stunga, snögg og sár.

Þau sem voru fljót að skilja héldu hóp og skildu hvert annað. Þau sem voru föl og sljó og lasin og sein að skilja, þau héldu ekki hóp og skildu ekki hvert annað. Sum voru stór og sterk og rjóð og vissu margt og töluðu mikið, hann kunnni ekki að tala. Þau hlógu, hann var hræddur. Hann kunnni ekki að leika sér og gat ekki gert neinar kúnstir, þau gátu gert kúnstir.

18. Úr 7. kafli: Sjúkdómsauglýsingin

Sjúklingurinn lá allan seinni hluta dagsins með háhljóðum, og Magnína þorði ekki annað en sitja hjá honum og gefa honum kalt vatn að drekka eftir að piltarnir voru farnir út; kvalir hans fengu svo á hana að hún hindraðist í því að láta koma nægilega fram þann hroll og viðbjóð sem sundurskók og marði allar hennar finu taugar út af hinu klæmna leirhnoði hans.²¹

Ég sé ekki fram á annað en það verði að skrifa sjúkdómsauglýsingu og senda læknum, sagði hún um kvöldið. Ætli það geti ekki verið hættulegt, sagði hann milli stunnanna.

Hættulegt? endurtók hún. Að láta lækna sig?

Sér er nú hver viskan!

Ég meina ef lækningin skyldi verða of ör, sagði hann.

Of ör?

Já þannig að mér slægi niður aftur. Svona aumingi eins og ég getur ekki orðið albata nema á löngum tíma.

En nokkrum dögum seinna var hún aftur á pallinum, og þá var pilturinn aftur með hljóðum. Hann stundi lengi og mikinn, en hún var farin að venjast því, og nennti ekki lengur að vera að skipta sér af því.

²¹ Leirhnoð er lélegur kveðskapur, leirbull. Ólafur Káráson hafði ort kvæði um stúlku, Guðrúnu á Grænhóli, sem vakti litla hringingu heimilisfólks, og líklega afbrýði Magnínu.

17.

Guð hjálpi mér, ég held ég sé ekki alminleg, sagði hún og skellti aftur bókinni og horfði sem snöggvast felmtruð¹⁹ á spjöldin, líkt og þetta væri galdrabók, stakk henni síðan í skyndi undir svuntuna sína, fór.

Daginn eftir þegar hann minntist á bók varð hún reið: þegiðu ellegar ég angef²⁰ þig fyrir henni móður minni, sagði hún.

Hann vissi ekki hvað hann hafði gert, efaðist þó ekki um að það væri eitthvað ljótt, og var hræddur.

En bráðum fékk hann önnur umhugsunarefni. Fóstra hans, Kamarilla húsfreyja, fékk honum fatalurfunar hans þvegna og plöggin stögluð daginn eftir, og þegar leið yfir hann lét hún kaldan klút við ennið á honum og reisti hann við. Bræðurnir voru farnir til sjávar, nú dugði ekki að liggja. Nokkrum dögum seinna var farið að vekja hann í fjósið. Vatnssóknungarnar byrjuðu aftur og það skvettist ofan á ristarnar á honum. Það gerði páskahret. Jana og Karítas sögðu fóstru hans að hann svikist um. En stundum í laumi gaf Jana honum volga sykurlöngu úr barmi sínum. Magnína sagði ekki neitt — lengi.

¹⁹ Felmtruð: hrædd, óttaslegin.

²⁰ Angefa: klaga.

10.

En þegar hann var orðinn einn fannst honum hann geta allt sem þau gátu, og meira. Þegar hann var samvistum við aðra var allt í þoku fyrir honum, það var aldrei bjart í kringum hann nema þegar hann var einn.

Hann kom upp í greininni um meðferð á skepnum.

Hundrað og ellefta meðferð á skepnum ber vott um grimmt og guðlaust hjarta, sagði hann.

Ha? sagði presturinn. Hvað er nú það?

Það er að gleyma að gefa hundinum, sagði hann.

Þá hló sjálfur presturinn og síðan öll börnin. Þau héldu áfram að hlæja það sem eftir var spurningatímans, það var krampakennt fliss sem virtist ekki geta stöðvast, og hann sat undir þessari lífllækkun blautur af svita og rauður af blygðun, í hvítri þoku; hvað voru öll vandarhögg bernskunnar hjá þessu?

Að lokum fór hann að gráta. Þá hnykkti hinum börnunum við og sum þeirra hættu að hlæja. Presturinn kom til hans og strauk honum um vangann, og sagði að það gæti komið fyrir alla að svara rangt út úr guðs orði, hann sagði að það gerði ekkert til, hann sagði að hann vissi oft ekki sjálfur hverju hann ætti að svara út úr guðs orði.

11.

Það var áliðið dags, börnin máttu fara heim. Þegar þau voru komin út á hlaðið, vildu sum þeirra koma til hans og bæta fyrir það að þau skyldu hafa hlegið, og vera góð við hann, önnur komu til að spyrja hann nánar um hundrað og elleftu meðferð á skepnum. Hann batt snýtuclút utan um kverið sitt, setti upp húfukolluna sína og svaraði ekki neinum, en tók til fótanna heimleiðis.

Þau héldu áfram að hlæja og hlupu á eftir og sendu honum tóninn, því það er svo gaman að hrekkja þá sem eru sérsinna¹⁷ og einir. Hópurinn dró hann uppi á melnum fyrir austan prestsetrið. Nei, þau gátu ekki látið hann vera, þau vildu vera að skipta sér af honum í gamni og alvöru, af því hann var svo skrýttinn og hafði misskilið kristindóminn. Hann settist niður á stein og hélt fast utan um kverið sitt í snýtuclútnum. Þá sagði ein rödd: Skammist þið ykkar krakkar að geta ekki látið hann í friði. Hvað hefur hann gert ykkur? Haldið þið áfram og látið hann kjuran.

Eftir dálitla stund voru þau farin, þau voru komin kipp-korn inn í dalinn. Hann stóð upp og rölti á eftir einn.

¹⁷ Sérsinna: sérvitur, sem samlagast illa öðrum.

16.

Það gerir ekkert til, sagði hann.

Gerir það ekkert til? Víst gerir það til. Það er bók um mannlífið í heiminum. Þú gætir syndgað sona ungar.

Ég er fermdur, sagði hann.

Já það er hægast að ferma allan skrattann, sagði hún.

En ætli skilningurinn á Jesús í mannlífinu aukist að sama skapi? Ekki veit ég hvaða syndir ég kynni að hafa drýgt ef ég hefði lesið soleiðis bók áður en ég fór að skilja. Þegar þú verður stærri, þá kannski.

Samt kom hún með Felsenborgarsögurnar daginn eftir, um miðjan dag, þegar enginn var á pallinum. Eftirvæntingin í augum hans var eins og haf. Hún næstum því brosti eitt andartak að þessum stóru þreyjandi augum, settist á rúmstokk hans, opnaði bókina. Nei hann mátti ekki handleika bókina. Það var auðséð á þykktinni að bókin var ákaflega kristileg, og samt var einhver andi frá bókinni, sem fyllti hjartað óró og gerði mann eins og festan upp á þráð.

„Ég Eberharð Júlíus sá fyrst ljós þessa heims árið 1706, í hinum mikla sólmyrkva, er þá varð, og stóð föður mínum, er var auðugur kaupmaður, mikill ótti af honum, ásamt öðrum“.

Það var einhver á gangi niðri, og hún hætti lestrinum skyndilega, án þess að hafa komist lengra. [...]

15. Úr 4. kafli: Hættuleg bók

En ekki voru allir dagar sólskinsdagar, fjarni fór því, það voru líka sólarlausir dagar, enginn guðlegur söngur, engin hrifning, engin huggandi minning, engin sættandi von, aðeins litlaus dagleg skynjun, döpur sjálfsvitund sem hryllti mest af öllu við eilífu lífi, dumb þrá, líkust þungum sársauka, eftir einhverju sem gæti bjargað honum frá hinum hryllilega ódauðleik sálarinnar, sem blasti framundan.

Hann hafði löngu löngu lesið þessar fáu bækur, ekkert nýtt lengur í þeim, utan Felsenborgarsögurnar, sem hann hafði ekki þorað að nefna árum saman af ótta við hýðingu. Þessi bók var geymd niðri fatakistu heimasætunnar, og teljandi þau skipti sem hann hafði fengið að sjá á henni spjöldin, en aldrei innan í. Og það var leyndardómsbók, hann hafði heyrt Kamarillu húsfreyju atyrða dóttur sína fyrir að brenna ljósi yfir henni á næturnar.

Mig langar svo að lesa bók, sagði hann.

Hér eru öngvar bækur, sagði hún. Ekki soleiðis bækur. Ekki til að lesa.

En Felsenborgarsögurnar, sagði hann, í þeirri von að hún mundi ekki hýða veikan einstakling, og þar að auki kominn yfir fermingu, í rúmi sínu.

Þá varð hún hátíðleg og lagði undir flatt og kipaði varirnar saman og horfði stranglega niðri staglið sitt, — Felsenborgarsögurnar, sagði hún. Ég ætla bara að segja þér að það er engin skemmtibók. Það er kristileg bók.

12.

Þá tók hann eftir því að það gengu tvær spurningastúlkur¹⁸ á undan honum. Þær leiddust og fóru sér mjög hægt, hann óskaði að þær vildu ganga hraðara, því hann vildi ekki fyrir nokkurn mun draga þær uppi.

Loks námu þær staðar, litu við, og biðu eftir honum. Hann sá aðeins aðra þeirra. Það var Guðrún á Grænhóli. Það var hún sem hafði rekið krakkana frá honum áðan þegar þau voru að skipta sér af honum. Hann nálgast þær og þorði ekki að líta upp, en fann hvernig hún horfði á hann.

Það gerði ekkert til, sagði hún.

Ha? sagði hann.

Ég meina þó þú svaraðir vitlaust, það svara margir vitlaust, sagði hún. Og það gerir ekkert til.

Hún átti heima lítið lengra inn með firðinum, hún var bráðum komin heim til sín. Eftir allt saman þá eru til manneskjur í heiminum sem vilja ljá öðrum liðsinni alveg án orsaka, aðeins vegna þess að þær eru góðar í sér. Hann gat ekki sagt neitt, en það var eins og harmar hans þurrkuðust út við gæðin í augum hennar.

Hvar á hann þabbi þinn heima? spurði hún.

Ég veit það ekki, sagði hann.

Og áttu þá heldur ekki neina móður? spurði hún.

Jú, sagði hann.

Hvar er hún?

¹⁸ Spurningastúlkur eru stúlkur í fermingarundirbúningi hjá prestinum. Það heitir að ganga til spurninga.

13.

Þá var hann aftur nærri farinn að gráta út af því að hún skyldi vera að spyrja hann að þessu. Hann trúði því ekki enn að nokkur skyldi bera umhyggju fyrir því hvort hann, tókudrengur á Fæti undir Fótarfæti, ætti mömmu og pabba. En þegar hún sá að hann ætlaði aftur að fara að beygja af, þá flýtti hún sér að segja: Ef þú vilt koma heim til okkar að Grænhóli, þá skal ég biðja mömmu að gera þér eitthvað gott.

Hann var henni ákaflega þakklátur, en hann þorði ekki að þiggja það fyrirvaraalaust, hann mátti heldur ekki drolla.

Ég veit það er voðalegt að vera einstæðingur, sagði hún, en ég og hún Lauga viljum þér vel. Er það ekki satt Lauga? Viljum við honum ekki vel?

Jú, sagði hin spurningastúlkan.

Við skulum alltaf taka málstað þinn, hvenær sem krakkarnir eru að stríða þér. Eigum við ekki að gera það Lauga?

Jú, sagði Lauga.

Segðu okkur bara frá því, sagði hún, ef einhver er að hrekkja þig. Ég skal ráða við strákana, hvern þeirra sem er. Rétt á eftir kvöddu þær hann með handabandi og gengu þvert út af götunni, upp með á, bæirnir þeirra stóðu upp við fjallið. Hún gleymdi að ítreka góðgerðirnar.

Hann horfði á eftir henni hvar hún gekk, há og björt, berhöfðuð og rjóð, örugg í spori eins og fullorðin stúlka. Hún leit ekki við til hans.

14.

Þær gengu lengra og lengra upp með ánni. Í hug hans var hún alltaf tengd við rennandi vatn upp frá því, og hann kastaði sér niður á árbakkann og ákallaði guð. Guð guð guð, sagði hann.

Um langt skeið hugsaði hann aldrei um aðra manneskju. Við spurningar eða í kirkju varð hann ekki var við aðra manneskju, annað fólk var reykur. Hann fann í hvert skipti sem hún hreyfði sig, þó hann sneri í hana hnakkanum. Hann sá hana stikla yfir lífínn læk um miðjan dag. Hún; og hið tæra rennandi vatn vorsins snemma í gróandanum; sólskin.

Öðru sinni léku þau sér á árbakka, öll börnin, himinhá fjöllin yfir sveitinni, fjörðurinn á aðra hönd; kvöld. Hún var heit og rjóð og eins og fullorðin stúlka, og hafði hneppt frá sér hnappi, og áin rann fram hjá breið og lygn, ljósar fléttur hennar höfðu kastast fram yfir brjóstið og önnur hálfrakin upp, augu hennar tindruðu. Það var kallað til barnanna frá einhverjum bænum að fara að hætta. Hann gekk einn heim og ákallaði guð. [...]

Síðan voru þau fermd. Sum þeirra sáu ekki fyrir en eftir tuttugu eða þrjátíu ár, sum aldrei framfar. Hún talaði aldrei við hann nema þetta eina sinn.